

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 66

31. árgangur

5.9.2024

	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2024/EES/66/01	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11302 – MSC/HGV/HHLA)	1
2024/EES/66/02	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11559 – EXYTE/KINETICS)	2
2024/EES/66/03	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11577 – EIFFAGE/EQOS)	3
2024/EES/66/04	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11614 – CVC/COMARCH) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	4
2024/EES/66/05	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11680 – WATERLAND/ VENDIS CAPITAL/X2O) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2024/EES/66/06	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11689 – ADQCVF/NEXT/ SOTHEBY'S) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
2024/EES/66/07	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11694 – ASTERION/F2i/ 2i AEROPORTI) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2024/EES/66/08	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11120 – WORLDLINE/CRÉDIT AGRICOLE/JV)	8
2024/EES/66/09	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11410 – HEDIN MOBILITY/IVECO SWEDEN/IVECO DENMARK/ IVECO FINLAND/IVECO NORGE)	8

2024/EES/66/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11510 – ACS/TK/YORIZON)	9
2024/EES/66/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11547 – FASTIGHETS BALDER/FOLKSAM ENTITIES/ SINOMA FASTIGHETS)	9
2024/EES/66/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11555 – TRITON/VWS)	10
2024/EES/66/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11609 – KKR/IMPILO/IMMEDICA)	10
2024/EES/66/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11628 – PLATINUM EQUITY GROUP/SUNRISE MEDICAL)	11
2024/EES/66/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11635 – ADRILL/ADH/GORDON)	11
2024/EES/66/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11640 – GENSTAR/TA/AFFINIPAY)	12

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11302 – MSC/HGV/HHLA)

2024/EES/66/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. ágúst 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- SAS Shipping Agencies Services S.à.r.l. A („SAS“, Lúxemborg), sem tilheyrir MSC samstæðunni
- HGV Hamburger Gesellschaft für Vermögens- und Beteiligungsmanagement mbH („HGV“, Þýskalandi), sem lýtur yfirráðum Freie und Hansestadt Hamburg („FHH“)
- Hamburger Hafen und Logistik Aktiengesellschaft („HHLA“, Þýskalandi)

SAS og HGV öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir HHLA.

Samruninn á sér stað með opinberu yfirtökuboði sem tilkynnt var 13. september 2023 og með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- SAS er starfandi eignarhaldsfélag MSC samstæðunnar, sem er alþjóðlegt fyrirtæki í einkaeigu sem starfar á sviði flutninga og vöruferilsstjórnunar, einkum á sviði hafskipaflutninga. Á EES-svæðinu, fæst MSC samstæðan einnig við gámaþjónustu, flutningaþjónustu og vöruferilsþjónustu á landi. MSC samstæðan er einnig með farþegadeild og býður upp á skemmtisiglingar á sjó um allan heim, farþegaflutningaþjónustu á Miðjarðarhafi, þjónustu við ferðaskipulagningu og þjónustu við ferðaskrifstofur.
- HGV er eignarhaldsfélag fyrir atvinnustarfsemi Hamborgar. HGV starfar á sviði gámastöðvar- og flutningsþjónustu og flutningaþjónustu á landi á EES-svæðinu og veitir opinbera þjónustu á borð við staðbundnar almennings-samgöngur, staðbundna vatnsveitu, staðbundna orkuveitu og staðbundna fasteignaþjónustu í Þýskalandi, einkum í Hamborg.
- HHLA er evrópskt hafnar-, flutninga- og vöruferlisstjórnunarfyrirtæki sem sérhæfir sig í gámaþjónustu, flutningum og vöruferlisstjórnun, einkum í höfninni í Hamborg en einnig í höfninni í Muuga (Tallinn) og höfninni í Trieste.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 5.9.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11302 – MSC/HGV/HHLA

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

(1) Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11559 – EXYTE/KINETICS)

2024/EES/66/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. ágúst 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. og í kjölfar vísunar máls skv. 5. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Exyte GmbH („Exyte“, Þýskalandi), sem lýtur endanlega yfirráðum Millenium Privatstiftung (Austurríki), þar sem hr. Georg Stumpf er endanlegur eigandi, og BDT & MSD Capital Partners LLC (Bandaríkjunum)
- Kinetics Holding GmbH („Kinetics“, Þýskalandi)

Exyte öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Kinetics í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Exyte er alþjóðlegt fyrirtæki sem starfar við hönnun, verkfræði, innkaup og byggingastarfsemi fyrir hátækni atvinnuvegi. Fyrirtækið þjónar viðskiptavinum sem vinna með hálfleiðara, rafhlöður, lyf, líftækni og gagnaver.
- Kinetics býður viðskiptavinum sínum upp á alhliða hönnunar- og uppsetningarþjónustu fyrir lausnir tengdar ferlum, vélum, pípulögnum og loftræstingu við byggingu framleiðslustöðva og rannsóknarstofa. Áhersla er lögð á röralausnir.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 3.9.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11559 – EXYTE/KINETICS

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11577 – EIFFAGE/EQOS)

2024/EES/66/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. ágúst 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Eiffage Energie Systems, S.A. („EES“, Frakklandi), sem endanlega lýtur yfirráðum Eiffage S.A. („Eiffage“, Frakklandi)
- EQOS Energie Deutschland GmbH („EQOS“, Þýskalandi)

EES, og endanlega Eiffage, öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir EQOS í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- EES annast orkulausnir í Frakklandi, þar á meðal hönnunar-, bygginga-, rekstrar- og viðhaldskerfi og aðstöðu sem nær yfir svið eins og rafmagnsgeirann, iðnaðar- og orkuverkfræði og hitunar-, loftræsti- og loftkælingargeirann. EES er dótturfélag sem er alfarið í eigu Eiffage, móðurfélags franskra fjölþjóðlegrar samstæðu sem starfar í byggingarstarfsemi og sérleyfum við eftirfarandi atvinnugreinir: i) byggingastarfsemi, ii) innviði, iii) sérleyfi og iv) orkukerfi.
- EQOS er fjölþjóðlegur hópur í Þýskalandi sem sérhæfir sig í smíði, viðhaldi og bestun innviðalausna á sviði járnbrautartækni, lagningu loftlína, orku, fjarskipta, iðnaðartækni og verkfræði.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 5.9.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11577 – EIFFAGE/EQOS

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2024/EES/66/04

(mál M.11614 – CVC/COMARCH)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. ágúst 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- CVC Capital Partners PLC („CVC“, Jersey)
- Comarch S.A. („Comarch“, Póllandi)

CVC öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Comarch í heild.

Samruninn á sér stað með opinberu yfirtökutilboði sem tilkynnt var 17. júlí 2024.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- CVC: Ráðgjafi og stýrir fjárfestingarsjóðum og á hagsmuni í fjölmörgum félögum með starfsemi í ýmsum atvinnuvegum um allan heim.
- Comarch: Afhendir upplýsingatæknilausnir sem byggja á eigin vörum, þ.m.t. fyrirtækjaskipulagningarkerfi, fjárhags- og bókhaldskerfi, stjórnunarkerfi viðskiptatengsla, tryggðarhugbúnað, sölustuðning og rafræn skjalaskiptakerfi, netstjórnunarkerfi fyrir upplýsinga- og fjarskiptatækni, greiðslukerfi, hugbúnað fyrir viðskiptagreind, öryggis- og gagnaverndarþjónustu.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 2.9.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11614 – CVC/COMARCH

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2024/EES/66/05

(mál M.11680 – WATERLAND/VENDIS CAPITAL/X2O)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. ágúst 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- WPEF IX Holdco 13 B.V. (Niðurlöndum), sem lýtur yfirráðum Waterland Private Equity Investments („Waterland“, Niðurlöndum)
- Vendis Capital IV BV (Belgíu), sem lýtur yfirráðum Vendis Capital Fund IV („Vendis Capital“, Belgíu)
- X²O hópur sem lýtur yfirráðum Safuko NV (Belgíu), sá síðarnefndi lýtur yfirráðum Sakolaki og Vendis Capital („X²O“, Belgíu)

Waterland og Vendis Capital öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir X²O í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Waterland er sjálfstæð hollensk samstæða sem fjárfestir í óskráðum eignum, með áherslu á fjögur svið: hækkandi aldur þjóða, útivistun og skilvirkni, afþreyingu og munaðarvörur ásamt sjálfbærni. Það fjárfestir með sóknar- og kaupstefnu í fyrirtækjum allt frá litlum og meðalstórum fyrirtækjum til alþjóðastofnana sem starfa í Austurríki, Frakklandi, Þýskalandi, Póllandi, Skandinavíu, Sviss og Bretlandi og á Benelúx-svæðinu og Írlandi.
- Vendis Capital er fjárfestingarsjóður sem leggur áherslu á evrópska neytendageirann og byggir upp og fjárfestir í litlum til meðalstórum neytendafyrirtækjum í Evrópu sem eru vel í stakk búin til að skapa verðmæti eða umbreytingu.
- X²O er fyrirtæki sem selur neytendum baðherbergi á Benelúx-svæðinu og býður upp á baðherbergishúsgögn, sturtur, krana, salerni, baðherbergi, fylgihluti og ofna sem auðvelt er að setja upp.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 4.9.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11680 – WATERLAND/VENDIS CAPITAL/X2O

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótd. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11689 – ADQCVF/NEXT/SOTHEBY'S)

2024/EES/66/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. ágúst 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- ADQ CV Future Holdings I Limited („ADQCVF“, Abu Dhabi), sem lýtur yfirráðum Abu Dhabi Developmental Holding Company PJSC („ADQ“, Abu Dhabi)
- NEXT Alt SARL („Next“, Lúxemborg), sem lýtur yfirráðum hr. Patrick Drahi
- Sotheby's Holdings UK Limited („Sotheby's“, Bretlandi), sem lýtur yfirráðum BidFair Limited (Bretlandi) og tilheyrir Next

ADQCVF nær, ásamt Next, yfirráðum í sameiningu, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Sotheby's í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- ADQCVF er dótturfélag alfarið í eigu ADQ sem er fjárfestingar- og eignarhaldsfélag með breitt safn fyrirtækja sem starfa á lykilsviðum efnahagslífs Sameinuðu arabísku furstadæmanna, m.a. orku- og veitufyrirtækja, matvæla og landbúnaðar, heilbrigðisþjónustu og lífvísinda og hreyfanleika og skipulags.
- Next stýrir Altice hópnum, sem annast fjarskipti, efni, fjölmiðla og afþreyingu sem og BidFair Limited, eiganda Sotheby's.
- Sotheby's miðlar listaverkum og lúxusvörum, þar á meðal vottaðri list, listmunum, skartgripum, víni, bifreiðum og öðrum safngripum sem og gæðabílum og lúxus fasteignum.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 3.9.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11689 – ADQCVF/NEXT/SOTHEBY'S

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2024/EES/66/07

(mál M.11694 – ASTERION/F2i/2i AEROPORTI)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. ágúst 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Asterion Industrial Partners SGEIC, S.A. („Asterion“, Spáni), í gegnum fjárfestingarfélagið MERCURIO MIDCO, S.L.U. („Mercurio“, Spáni)
- F2i - Fondi Italiani per le Infrastrutture Società di Gestione del Risparmio S.p.A., í nafni og fyrir hönd sjóðsins F2i-Terzo Fondo per le Infrastrutture („F2i“, Ítalíu)
- 2i Aeroporti S.p.A. („2i Aeroporti“, Ítalíu), sem lýtur sem stendur sameiginlegum yfirráðum F2i og ARDIAN (Frakklandi)

Asterion og F2i öðlast í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir 2i Aeroporti S.p.A.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Asterion er sjálfstætt fjárfestingastýringarfyrirtæki sem einkum beinir sjónum að meðalstórum grunnvirkjum í Evrópu.
- F2i er sjálfstæður innviðasjóðastjóri með áherslu á ítölsk innviði.
- 2i Aeroporti er eignarhaldsfélag sem starfar á sviði flugvallarstjórnunar á Ítalíu. Það hefur ráðandi meirihluta í: i) Società Azionaria Gestione Aeroporto Torino S.p.A., rekstraraðila flugvallarins í Tórínó; ii) Società Gestione Servizi Aeroporti Campani S.p.A., rekstraraðila flugvallanna í Napolí og Salerno; iii) Aeroporto Friuli Venezia Giulia S.p.A., rekstraraðila flugvallarins í Trieste.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 2.9.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11694 – ASTERION/F2i/2i AEROPORTI

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótd. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**2024/EES/66/08****(mál M.11120 – WORLDLINE/CRÉDIT AGRICOLE/JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 4. mars 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11120. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**2024/EES/66/09****(mál M.11410 – HEDIN MOBILITY/IVECO SWEDEN/IVECO DENMARK/
IVECO FINLAND/IVECO NORGE)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. júní 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11410. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11510 – ACS/TK/YORIZON)

2024/EES/66/10

Framkvæmdastjórnin ákvað 23. ágúst 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11510. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
**(mál M.11547 – FASTIGHETS BALDER/FOLKSAM ENTITIES/
SINOMA FASTIGHETS)**

2024/EES/66/11

Framkvæmdastjórnin ákvað 31. júlí 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11547. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11555 – TRITON/VWS)

2024/EES/66/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 16. ágúst 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11555. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11609 – KKR/IMPILO/IMMEDICA)

2024/EES/66/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. ágúst 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11609. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11628 – PLATINUM EQUITY GROUP/SUNRISE MEDICAL)

2024/EES/66/14

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. ágúst 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11628. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11635 – ADRILL/ADH/GORDON)

2024/EES/66/15

Framkvæmdastjórnin ákvað 27. ágúst 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11635. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11640 – GENSTAR/TA/AFFINIPAY)

2024/EES/66/16

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. ágúst 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11640. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.